

REGLUGERÐ

um námsstyrki.

1. gr.

Almenn skilyrði.

Nemendur á framhaldsskólastigi, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

- a. Nemandi stundar reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, enda sé um að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem fellur undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.
- b. Nemandi getur ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum jafngildum dvalarstað.
- c. Nemandi nýtir ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða nýtur hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

Hámarksaðstoðartími er fimm ár eða 10 annir.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a. *Reglubundið nám.* Nemandi telst stunda reglubundið nám hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi skóla eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði. Heimilt er að miða við sex einingar ef um lokaönn er að ræða og nemandi hefur lokið a.m.k. 12 einingum á undangenginni önn.
- b. *Sambærilegt nám.* Við mat á því hvort sambærilegt framhaldsnám verði stundað í heimabyggð eða ekki, er námsbrautarlýsing samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla lögð til grundvallar, ef um nám á fyrsta ári samkvæmt skipulagi skóla er að ræða. Í fylgiskjali I er listi yfir staði þaðan sem nám á tilgreindum brautum á fyrsta ári telst ekki styrkhæft vegna dvalar fjarri lögheimili. Að loknu fyrsta ári ræður eigið mat umsækjanda á eðli og gæðum skóla eða einstakra námsáfanga.
- c. *Fjölskylda.* Með hugtakinu fjölskylda er átt við foreldra nemanda, sé þeim til að dreifa - nánar tiltekið kynforeldra, stjúppforeldra, fósturforeldra eða kjörforeldra, en ella ömmur og afa nemanda; maka samkvæmt hjúskap aðila, maka samkvæmt staðfestri samvist eða maka samkvæmt skráðri sambúð í þjóðskrá, hafi skráningin varað lengur en eitt ár; svo og börn nemanda, þ.m.t. kynbörn, stjúpbörn, fósturbörn eða kjörbörn.
- d. *Dvalarstyrkur.* Dvalarstyrkur samanstendur af ferðastyrk til og frá námsstað við upphaf og lok námsannar, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk.
- e. *Styrkur til skólaaksturs.* Styrkur til skólaaksturs samkvæmt 6. gr. er ferðastyrkur sem úthlutað er til umsækjenda sem ekki njóta dvalarstyrks samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Námsstyrkjanefnd og LÍN.

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemenda að jafnaði einu sinni á ári. Umsækjandi skal skila umsókn til nefndarinnar á því formi er námsstyrkjanefnd ákveður.

Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki sérstaklega fyrir haust- haustönn og vorönn, ásamt sumarönn. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna haustannar fyrir 1. september ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 31.15. október sama ár. Auglýsa skal eftir umsóknum vegna vorannar vor- og sumarannar fyrir 1. desember ár hvert og skulu umsóknir hafa borist nefndinni fyrir 31.15. janúar febrúar næsta árs. Birta skal auglýsingar um námsstyrki í dagblöðum og með öðrum sannanlegum hætti. Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita umsókn viðtöku í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skal styrkur þá skertur um einn hundraðshluta fyrir hvern dag fram yfir frestingardag.

Námsstyrkjanefnd hefur starfsstöð í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og annast sjóðurinn alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki, sér um úrvinnslu þeirra, leitar eftir upplýsingum frá skólum um hvort nemandi teljist hafa stundað reglubundið nám, sbr. 2. gr., og annast útborgun námsstyrkja.

Til staðfestingar á því að nemandi stundi reglubundið nám á framhaldsskólastigi ber viðkomandi framhaldsskóla, að ósk námsstyrkjanefndar, að láta nefndinni í té upplýsingar þar að lútandi áður en útborgun námsstyrkja fer fram.

Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi og við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 10. janúar, og 10. júní og 1. september ár hvert. Skilyrði Almenn skilyrði útborgunar er eru að skóli hafi staðfest námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar og, í lok vorannar og lok sumarannar. Sérstök skilyrði fyrir útborgun námsstyrks vegna sumarannar eru að nemandi hafi ekki nýtt sér rétt til að sækja um námsstyrk á næstliðinni haust- eða vorönn.

Athugasemdir við niðurstöður námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar.

4. gr.

Dvalarstyrkir:

Skilyrði fyrir veitingu dvalarstyrks er að:

- a. Nemandi stundi reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sbr. a-lið 2. gr.
- b. Nemandi geti ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu, sbr. skilgreiningu í b-lið 2. gr.
- c. Nemandi verði að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili og fjarri fjölskyldu vegna námsins. Heimilt er að veita dvalarstyrk þótt fjarlægð skv. 1. máls. sé styttri en 30 km, ef samgöngur til og frá skóla eru nemandi sérstaklega erfiðar m.a. með tilliti til veðráttu og ástands vega eða vegna skorts á almenningsamgöngum.

5. gr.

Upphæð dvalarstyrks.

Fullur dvalarstyrkur nær til ferðastyrks, fæðisstyrks og húsnaðisstyrks. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð fulls dvalarstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

Nemandi þarf að leggja fram staðfestingu skóla á greiðslu fyrir dvöl á heimavist eða í sambærilegu húsnaði á vegum skóla eða staðfestingu fyrir greiðslu á húsaleigu til að fá fullan dvalarstyrk.

Greiði nemandi ekki húsaleigu nemur mögulegur dvalarstyrkur sömu upphæð og styrkur vegna skólaaksturs, sbr. 6. gr.

6. gr.

Styrkir vegna skólaaksturs.

Þeir nemendur sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla geta átt rétt á styrk vegna skólaaksturs. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð akstursstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til skólaaksturs á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

Styrkir vegna skólaaksturs skulu renna beint til nemenda enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

- a. sækja skóla frá lögheimili sínu og fjölskyldu,

- b. lögheimili er ekki í nágrenni skóla, sbr. yfirlit á fylgiskjali II yfir staði, sem teljast í nágrenni skóla í þessu samhengi.

Til viðbótar akstursstyrk til nemenda er námsstyrkjanefnd heimilt að styðja þá skóla sem skipuleggja daglegan akstur fyrir nemendur sína. Upphæð þessi skal samsvara allt að 15% af fullum akstursstyrk fyrir hvern nemanda.

7. gr.

Sérstakur styrkur vegna efnalítilla nemenda.

Samþykki námsstyrkjanefnd að auglýsa eftir umsóknum um veitingu sérstaks styrks vegna efnalítilla nemenda, ákvarðar nefndin upphæð styrksins með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til sérstakra styrkja á fjárlögum ár hvert og fjölda umsókna.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga um námsstyrki nr. 79/2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 576/2002 með síðari breytingum.

- Menntamálaráðuneytinu, 15. september 2003. -

- Davíð Oddsson. -

- Stefán Baldursson. -

FYLGISKJAL I

Fylgiskjal I.

Framhaldsskólanám á fyrsta ári sem er ekki styrkhæft ef lögheimili fellur undir neðangreind póstnúmer / svæði																						
		Reykjavík	Þórshöfn	Kópavogur	Grindavík	Ísaförðingur	Stærðingur	Skarptvík	Nýbýli	Maunabúðir	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur
	Pnr:	101-155	170-203	200-210	210-220	220-225	230-235	260	270	300	400-410	550	600-603	640	650-641 ^{*)}	700-701	740	780	800	840	900	
	og svnr:								1604						7506							
Nám:																						
Allt nám á 1. ári		x	x	x	x	x	x		x													
Almennt nám								x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
Félagsfræðabraut								x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
Flugþjónustubraut								x	x													
Handiðabraut														x								
Hústjórnbraut																						
Iþróttir starfsnám								x	x		x	x	x		x	x				x	x	
Listnámsbraut								x	x		x	x	x							x		
Matartæknibraut														x								
Málbraut								x	x		x	x	x			x			x	x	x	x
Náttúrufræðibraut								x	x		x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x
Sjávarútvegsbraut								x	x		x								x	x		
Sjúkraliðabraut								x	x		x	x	x	x				x	x	x		x
Uppeðibraut								x	x		x	x	x	x				x	x	x		x
Tölvubraut														x								
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut								x	x							x	x	x	x			
Véltjórnbraut								x	x													
Vélarvörðun											x	x	x					x				
Vískiptabraut								x	x		x	x	x	x		x				x	x	x
Iðnnám, samningsbundið								x	x		x	x	x					x		x	x	x
Málmeðlingar fyrir holti								x	x		x	x	x					x		x	x	x
Grundeild bíðlína								x	x		x	x	x							x	x	x
Grundeild rafliða								x	x		x	x	x							x	x	x
Grundeild tréliða								x	x		x	x	x							x	x	x
Grunnám matvæsla											x											
Sérdeildir, starfsbraut								x	x		x	x	x	x		x	x			x	x	x

Framhaldsskólanám á fyrsta ári sem er óstyrkhæft ef lögheimili fellur undir neðangreind póstnúmer/svæði.																						
		Reykjavík	Stærðingur	Kópavogur	Grindavík	Ísaförðingur	Stærðingur	Skarptvík	Nýbýli	Maunabúðir	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur	Ákureyri	Reykjavík	Stærðingur
	Pnr:	101-155	170-203	200-210	210-220	220-225	230-235	260	270	300	350 ^{*)}	400-410	550	600-603	640	650-641 ^{*)}	700-701	740	780	800	840	900
	og svnr:								1604							7506						
Nám:																						
Allt nám á 1. ári		x	x	x	x	x			x													
Almennt nám								x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
Ferðaþjónustubraut											x											
Ferðamálanám																						
Félagsfræðibraut								x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
Félagsmála- og tömstundabraut											x											
Flugþjónustubraut								x	x													
Handiðabraut														x								
Hústjórnbraut																						
Iþróttir starfsnám								x	x		x	x	x		x	x				x	x	
Listnámsbraut								x	x		x	x	x							x		
Matartæknibraut														x								
Málbraut								x	x		x	x	x			x			x	x	x	x
Náttúrufræðibraut								x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Sjávarútvegsbraut								x	x		x									x	x	x
Sjúkraliðabraut								x	x		x	x	x	x						x	x	x
Tölvubraut														x								
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut								x	x								x	x	x	x		
Véltjórnbraut								x	x													
Vélarvörðun											x	x	x									
Vískiptabraut								x	x		x	x	x	x		x				x	x	x
Iðnnám, samningsbundið								x	x		x	x	x							x	x	x
Hársnyrtiðun								x	x											x	x	x
Grunnnám málmíðngreina								x	x		x	x	x							x	x	x
Grunnnám í bíliðnum								x	x		x	x	x							x	x	x
Grunnnám í rafliðnum								x	x		x	x	x							x	x	x
Grunnnám bygginga- og mannv.gr.								x	x		x	x	x							x	x	x
Grunnnám matvælagreina											x											
Sérdeildir, starfsbraut								x	x		x	x	x	x		x	x			x	x	x

FYLGISKJAL II

Fylgiskjal II: -

- Staðir Póstnúmer/svæði í nágrenni framhaldsskóla.

Svnr. -	Sveitarfélag	Pnr: Nágrenni skóla
0000 Skóli	Reykjavíkurborg	101-155 pnr./svæði
1000 Framhaldsskólar á höfðuðborgarsvæðinu og nágrenni ¹⁾	Kópavogsbær	200 101 - 203 225;270
1100 Framhaldsskólar í Reykjanesbæ	Seltjarnarneskaupstaður	170 230;235;260
1300 Framhaldsskólar á Akranesi	Garðabær	210 300;301 ²⁾
1400 Framhaldsskólar í Grundarfirði	Hafnarfjarðarkaupstaður	220;221 350 ³⁾
1603 Framhaldsskólar á Ísafirði	Bessastaðahreppur	225 400;410
1604 Framhaldsskólar á Sauðárkróki	Mosfellsbær	270 550
2000 Framhaldsskólar á Akureyri	Reykjanesbær	230 600 ; 235;260 603
3000 Framhaldsskólar á Húsavík	Akraneskaupstaður	300 640
3503 Framhaldsskólinn á Laugum	Innri-Akraneshreppur	301 650;641 ⁴⁾
3711 Framhaldsskólar á Neskaupstað	Stykkishólmsbær	340 740
3714 Framhaldsskólar á Egilsstöðum	Snæfellsbær	355 700 ; 360 701 ⁵⁾
4200 Framhaldsskólar á Höfn í Hornafirði	Ísafjarðarbær	400;410 780
5200 Framhaldsskólar á Selfossi	Sveitarfélagið Skagafjörður	550 800
6000 Menntaskólinn að Laugarvatni	Akureyrarkaupstaður	600;603 840
6150 Framhaldsskólar í Vestmannaeyjum	Húsavíkurbær	640 -
- 6612 -	Þingeyjarsveit	- 650;641 2) -
- 7300 -	Fjarðabyggð	- 740 -
- 7506 -	Fellahreppur	- 701 3) -
- 7618 -	Austur-Hérað	- 700 -
- 7708 -	Sveitarfélagið Hornafjörður	- 780 -
- 8000 -	Vestmannaeyjabær	- 900 -
- 8200 -	Sveitarfélagið Árborg	- 800 -
- 8721 -	Bláskógabyggð	- 840

1) Reykjavíkurborg; Seltjarnarneskaupstaður; Kópavogsbær; Garðabær; Mosfellsbær; Hafnarfjarðarkaupstaður; Sveitarfélagið Álftanes.

2) Innri-Akraneshreppur: Frá Miðgarði að Akranesi. 2

3) Grundarfjarðarbær: Milli Lárvaðals og Grjótár.

4) Þingeyjarsveit: Umhverfis Laugar að Þjóðvegi 1. 3

5) Fellabær.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.